



Héraðsdómur Reykjavíkur
hr. Kjartan Bjarni Björgvinsson
Dómhúsinu v. Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2017

Beiðni um aðgang að gögnum rannsóknarnefndar Alþingis

Ég vísa til fyrri samskipta. Ég óska nú eftir, ítrekað, fyrir hönd umbjóðenda minna, Ólafs Ólafssonar og Guðmundar Hjaltasonar, að fá aðgang að gögnum rannsóknarnefndar Alþingis um málið.

Fram hefur komið hjá nefndinni að í lögum um rannsóknarnefndir nr. 68/2011 sé ekki kveðið á um slíkan rétt og því sé ekki skylt að verða við beiðninni. Ég lýsi yfir miklum efasemdum með þá afgreiðslu. Ég veit og treysti því að rannsóknarnefnd Alþingis þekki grundvallarreglur stjórnarsýslulaga og markmið þeirra. Til þess að rannsóknarnefnd Alþingis geti skilað af sér góðri skýrslu þurfa að liggja fyrir sjónarmið þeirra einstaklinga sem rannsókn beinist að og afstaða þeirra til gagna sem skýrslan kann að verða byggð á. Til þess þurfa þeir aðgang að gögnunum og hæfilegan tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ekki er nægilegt að hafa mætt fyrir dóm óundirbúið til að svara afmörkuðum spurningum nefndarinnar. Þetta á sérstaklega við um rannsókn á löngu orðnum atvikum. Umbjóðendur mínir óska þess eindregið að nefndin fallist á þessi sjónarmið og verði við erindinu.

Virðingarfyllst,

Gísli Guðni Hall, hrl.